



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 3/2010 um uppsögn á ótímabundinni tíðniheimild Símans hf. á 900 MHz tíðnisviðinu

I.

Upphaf máls

Upphaf þessa máls má rekja til endurskipulagningar Póst- og fjarskiptastofnunar á 900 MHz tíðnisviðinu sem nú er hagnýtt fyrir GSM og UMTS farsímaþjónustu. Flestar tíðniheimildir sem gefnar hafa verið út til fjarskiptafyrirtækja til þess að veita GSM og UMTS farsímaþjónustu á umræddu tíðnisviði renna út í febrúar árið 2011. Af þessum sökum, að teknu tilliti til 6. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, efndi stofnunin til samráðs við hagsmunadila um það skipulag sem skyldi gilda til bráðabirgða fram í febrúar 2011 og um það skipulag, sem í stórum dráttum, tæki við að liðnum þeim tíma. Gerð var grein fyrir fyrirhugðum breytingum á tíðnisviðinu í svo kölluðu samráðsskjali, sem gefið var út í byrjun maí 2008, en það hafði auk þess að geyma upplýsingar um þau markmið sem stofnunin horfði til með breytingunum og nánari forsendur hennar fyrir þeim.

Ein af þeim aðgerðum sem boðaðar voru í framangreindu samráði var uppsögn á ótímabundinni tíðniheimild Símans hf. fyrir 2x3 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu. Hún var gefin út þann 16. ágúst árið 1995 og er samkvæmt skilmála úthlutunarbréfsins bundin sex mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt samráðsskjalinu skyldi, að loknu samráðinu, segja tíðniheimildinni upp þannig að gildistíminn væri ákveðinn til 14. febrúar 2011.

Í athugasemdum Símans hf., sem bárust stofnuninni í tilefni af samráðinu, mótmælti fyrirtækið öllum skerðingum á tíðniheimildum sínum, þ.m.t. þeirri ótímabundnu sem mál þetta lýtur að.

II.

Samráð um skipulag á 900 MHz tíðnisviðinu

1.

Samráð um skipulag á 900 MHz tíðnisviðinu

Til þess að gera grein fyrir þeim forsendum sem búa að baki fyrirhugaðri uppsögn Póst- og fjarskiptastofnunar á ótímabundnu tíðniheimild Símans hf. á 900 MHz tíðnisviðinu er

nauðsynlegt að fjalla nánar um áður nefnt samráð sem stofnunin viðhafði með hagsmunaaðilum í byrjun maí 2008 um skipulag tíðnisviðsins.

Í kafla 3.1. í samráðsskjalinu eru talin upp þau markmið sem Póst- og fjarskiptastofnun leggur til grundvallar við skipulagningu tíðnisviðsins, sbr. eftirfarandi:

- i. „Raska ekki grundvelli áframhaldandi hagkvæms rekstrar núverandi GSM 900 farsímakerfa. (sjá kafla 3.2)
- ii. Jafna aðstöðu núverandi 3G tíðniréttthafa á GSM 900 tíðnisviðinu. (sjá kafla 3.3)
- iii. Jafna aðstöðu núverandi tíðniréttthafa á GSM 900 tíðnisviðinu. (sjá kafla 3.4)
- iv. Opna leið fyrir aðra, t.d. núverandi GSM 1800 tíðniréttthafa, til þess að fá tíðniheimildir á GSM 900 tíðnisviðinu. (sjá kafla 3.9)“

Í kafla 3.5.1. samráðsskjalsins gerði Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir áformum sínum um skipulag 900 MHz sem skyldi gilda fram í febrúar 2011. Þar segir m.a. eftirfarandi:

„Þeim 2x2 MHz, sem Síminn hefur nú ótímabundið, en með 6 mánaða uppsagnarfresti, verði sagt upp. Jafnframt fái Síminn úthlutað 2x1 MHz á efsta hluta tíðnisviðsins, sem áður var notað fyrir þráðlausa síma (CT-1). Nettó breyting er því 2x1 MHz minnkun tíðnisviðsins. Eftir breytingu hefur Síminn því 2x5 MHz fyrir 3G þjónustu og 2x8 MHz fyrir GSM starfsemi, þ.e. sama og Vodafone.“

2.

Athugasemdir Símans hf. í samráðsferlinu

Síminn hf. lagði fram athugasemdir við ofangreint samráðsskjal, sbr. bréf dags. 5. júní 2008, m.a. við það skipulag sem lýst var í kafla 3.5.1. í skjalinu, auk þeirra aðgerða sem stofnunin áformaði að grípa til þar að lútandi. Síminn hf. vísar með heildstæðum hætti að fyrirhuguðum aðgerðum stofnunarinnar og mótmælir öllum boðum skerðingum með svofelldum rökum:

Síminn er ósammála þeim hugmyndum að skertar verði tíðniheimildir Símans á 900 bandinu, enda engin þörf né ástæða til þess að svo sé gert.

Sé horft til 900 bandsins þá væri eðlilegast að taka eingöngu tillit til þeirra aðila sem reka GSM/UMTS þjónustu í dag, þá án þess að þrengja að aðilum og þó gæta jafnræðis. Það er gerlegt með því að Símanum sé úthlutað samtals 2*15 MHz (3*(2* 5MHZ), Vodafone því sama 2*15 MHz (3*(2* 5MHZ) og Nova 2*5 MHz. Þannig geta þessir aðilar haldið gæðum og hagkvæmni í rekstri á GSM 900 bandinu og jafnframt öllum 3G aðilum gefinn kostur á að bjóða UMTS 900 þjónustu á höfuðborgarsvæðinu óski þeir þess.

Síminn telur rétt að bíða með úthlutun til nýrra GSM 900 aðila í ljósi þess að þau GSM 1800 leyfi sem úthlutað hefur verið hafa ekki skilað sér í þjónustu á

markaði. Einnig er ljóst að endurúthlutun á þeim tíðnum myndi skerða til framtíðar möguleika á notkun umræddra tíðna til UMTS 900.

Eðlilegt er að tekið sé tillit til raunverulegra áforma aðila um að byggja upp þjónustu á tíðnisviðunum. Ekki er ástæða til að úthluta eða auka við tíðniheimildir aðila ef ekki liggja fyrir staðfest og raunhæf áform um að bjóða eigi þjónustur á umræddu tíðnibandi. Vandséð er að dregið hafi það mikið úr notkun GSM 900 árið 2011 að "Síminn" geti komist af með 10 MHz án þess að það kosti verulegar upphæðir að breyta núverandi kerfisuppbyggingu. Því er æskilegt að framlengja þessar heimildir um nokkur ár í viðbót þar til dregið hefur verulega úr notkun á GSM 900 farsímum.

Einnig er óeðlilegt að aðilum sé gert að "skila" hluta af tíðnibandinu, með tilheyrandi kostnaði til þess eins að kaupa aftur hluta bandsins. Forðast skal að innleiða aðgerðir sem auka kostnað aðila við kerfisrekstur sem varla telst neytendum í hag.

3.

Niðurstaða samráðsins

Niðurstöður samráðsins voru teknar saman í skjal sem birt var á vef stofnunarinnar í lok ágúst 2008. Ein af forsendunum fyrir uppsögn á ótímabundnu tíðniheimild Símans hf. var að skapa rými fyrir nýja aðila til að sækja um tíðnisvið fyrir farsímaþjónustu. Í ljósi þess að engar athugasemdir bárust í samráðinu frá áhugasömum aðilum á fjarskiptamarkaði, um að fá úthlutað hluta af 900 MHz tíðnisviðinu, taldi stofnunin rétt, að svo stöddu, að leggja til hliðar áform um útboð/uppboð á tíðnisviðinu. Niðurstaða samráðsins var því sú að Síminn hf. fengi að halda tíðniheimildum sínum óskertum fram til febrúar ársins 2011. Um þetta segir í samantektarskjali samráðsins:

„PFS telur hvorki skynsamlegt né nauðsynlegt að skerða núgildandi tíðniheimildir Símans fyrr en 14.2.2011. Hins vegar verði núverandi ótímabundnu tíðniheimild, 2x2 MHz, sem er með 6 mánaða uppsagnarfresti, sagt upp strax þannig að gildistíminn verði til 14.2.2011.“

III.

Bréfaskipti og sjónarmið

1.

Bréf PFS varðandi ótímabundnu tíðniheimild Símans hf.

Rekja má bréfaskipti um fyrirhugaða uppsögn á ótímabundnu tíðniheimild Símans hf. allt aftur til ársins 2007, en með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 19. september það ár, áréttaði stofnunin það sem fram hafði komið á fundi með fyrirtækinu varðandi tíðniheimildir þess þann 13. júní 2007. Í bréfinu segir:

„Gerði stofnunin grein fyrir því að með tilkomu þriðju kynslóðar farsímaþjónustu og tveggja nýrra fyrirtækja í GSM 1800 farsímaþjónustu sæi hún fram á aukna ásókn í 900 MHz tíðnisviðið þar sem unnt væri að ná mun hagkvæmari þjónustuútbreiðslu með notkun þess.

Með tilliti til þessa er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að fyrirtækið þurfi að vera meðvitað um að til afturköllunar á ótímabundnu úthlutuninni (2 x 2 MHz) geti komið í náginni framtíð. Slík ákvörðun af hálfu stofnunarinnar yrði þó ávallt að byggjast á málefnalegum forsendum og vera í samræmi við meðalhóf. Því telur stofnunin það rétt af Símanum hf. að hefja fljótlega vinnu við að greina þær aðgerðir sem framkvæma þyrfti til að mæta slíkri skerðingu og leggja mat á kostnaðinn sem af henni myndi leiða.“

Ekkert svar barst frá Símanum hf. við þessu bréfi stofnunarinnar.

2.

Boðunarbréf PFS um uppsögn tíðniheimildarinnar

Á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem fékkst úr áður nefndu samráði við markaðsaðila, um framtíðarskipulag 900 MHz tíðnisviðsins, hófst Póst- og fjarskiptastofnun handa við að hringja skipulaginu í framkvæmd, sbr. bréf dags. 8. október 2009.

Í bréfinu var vísað til samráðsins um endurskipulagningu á 900 MHz tíðnisviðinu og tilkynnt að á grundvelli þess hygðist Póst- og fjarskiptastofnun segja upp ótímabundinni tíðniheimild Símans þannig að það yrði laust til ráðstöfunar á ný þann 14. febrúar 2011. Voru eftirfarandi röksemdir m.a. færðar fram fyrir því:

„Meðal þeirra markmiða sem liggja til grundvallar endurskipulagningu á 900 MHz er að jafna aðstöðu farsímafyrirtækja til þess að geta veitt hagkvæma og skilvirka farsímaþjónustu. Þekkt er að unnt er að ná fram hagkvæmari uppbyggingu á farsímaneti því stærra sem tíðnisviðið er sem útbreiðslan og dreifingin byggist á. Verulegur munur á stærð úthlutaðra tíðnisviða milli samkeppnisaðila getur þannig raskað eðlilegum samkeppnisgrundvelli. Því gerir framtíðarskipulagið ráð fyrir því að árið 2011, þegar gildistíma flestra núgildandi tíðniheimilda á umræddu tíðnisviði rennur út, að úthlutað tíðnisvið til Símans hf. verði minnkað til jafns við Vodafone, eða þannig að hvort fyrirtæki um sig hafi til umráða 2x10 MHz. Gerir skipulagið jafnframt ráð fyrir því að tíðnisviðið sem losnar við þá aðgerð, ásamt hluta af E-GSM bandinu (extension bandið), verði laust til ráðstöfunar til nýrrar úthlutunar. Til þess að þetta markmið megi ná fram að ganga þarf m.a. að segja upp fyrrnefndri tíðniheimild Símans hf., en samkvæmt sérstökum skilmála í henni er úthlutunin uppsegjanleg með 6 mánaða fyrirvara.

Þá telur Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt, alveg óháð þeim markmiðum og sjónarmiðum sem rakin eru hér að ofan, að ákveða úthlutuninni tiltekinn gildistíma. Er þá horft til þess að samkvæmt núgildandi fjarskiptalögum ber

að marka tíðniheimildum ákveðinn gildistíma, sbr. d.-lið 1. mgr. 10. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.“

Var Símanum hf. gefinn kostur á því að tjá sig um fyrirhugaða ákvörðun. Skyldu hugsanlegar athugasemdir berast stofnuninni fyrir 30. október 2009.

4.

Athugasemdir Símans hf. við fyrirhugaða uppsögn heimildarinnar

Athugasemdir Símans hf. við framangreindu bárust Póst- og fjarskiptastofnun með bréfi dags. 6. nóvember 2009. Í bréfinu er vísað til samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar um skipulag á 900 MHz tíðnisviðinu og úthlutunar á 2x5 MHz tíðnisviði til Nova ehf. í kjölfarið á því. Síðan segir eftirfarandi:

„Síminn notar í dag á landsvísu að fullu þau 2x15 MHz sem er til ráðstöfunar. 2x15 MHz fyrir GSM á SV-landi en 2x10 MHz fyrir GSM á landsbyggðinni og 2x5 MHz fyrir UMTS/3G 900. Síminn hefur enn ekki áform um að taka í notkun UMTS/3G 900 á SV-horninu en umferð í GSM kerfum er enn það mikil að langt er í að hagkvæmast verði fyrir Símann að hefja UMTS/3G 900 þjónustu á SV-landi miðað við núverandi tíðniheimildir.

Í trausti þess að Símanum yrði tryggðar til framtíðar núverandi tíðniheimildir hefur Síminn undanfarið byggt upp langdrægt UMTS/3G farsímakerfi á 900 MHz tíðnibandinu til að þjónusta fiskiskipaflotann á miðum umhverfis landið. Þjónustunni er ætlað að koma í stað NMT kerfis sem verður lagt niður á næstu mánuðum.

Síminn hefur miklar áhyggjur af fyrirhuguðum, og í raun ástæðulausum, áformum PFS um að skerða tíðniheimildir Símans á 900 MHz tíðnibandinu um 2x5 MHz, niður í 2x10 MHz. Nægt pláss er fyrir nýja GSM/UMTS aðila á 1800/2100 MHz bandinu nú þegar.

Í þessu samhengi má líka benda á að í náinni framtíð þá mun losna enn frekari tíðnir fyrir farsímaþjónustu t.d. 800 MHz tíðnin, 790-862 MHz sem verður nýtt fyrir farsímaþjónustu líklega fljótlega eftir 2010, eða eins og „commission“ segir, „as soon as possible“.

Verði þessi áform að veruleika neyðist Síminn til að fara í umfangsmikla breytingar á skipulagi og högun dreifikerfis á SV horni landsins og m.a. fjárfesta í GSM 1800 búnaði. Áætlaður kostnaður á SV-landi einu er ekki undir [...]¹. Einnig munu þessi áform útiloka þann möguleika að UMTS/3G 900 standi viðskiptavinum Símans til boða á SV-landi um fyrirsjáanlega framtíð.

¹ Fellt brott vegna trúnaðar.

Hvað varðar landsbyggðina og miðin þá er högun langdrægrar GSM kerfa þess eðlis að nánast útilokað er að komast af með 2x5 MHz fyrir GSM þjónustu án þess að skerða gæðin verulega og fara í miklar frekari fjárfestingar í GSM tækni. En það tíðniband stendur eftir fyrir GSM þjónustu á landsbyggðinni verði tíðniheimildir Símans einungis 2x10 því 2x5 MHz eru notuð fyrir UMTS/3G langdrægt.

Þetta er ekki góður kostur og Síminn mun því skoða strax, verði tíðniheimildir skertar, að loka langdræga UMTS/3G kerfinu strax á næsta ári í stað þess að fara í tugmilljóna fjárfestingar í GSM tækni sem er að úreldast.

Uppbygging farsímakerfa/þjónustu er mjög fjárfestingarfrek og byggir á langtímaáætlunum. Margir óvissuþættir eru í almennum rekstri fjarskiptafyrirtækja og er ástæðulaust að skapa óþarfa óvissu um eina af meginforsendum farsímarekstrar, þ.e. úthlutun tíðniheimilda.

Tillaga Símans er að PFS endurúthluti þeim tíðnum sem Síminn hefur á 900 MHz tíðnisviðinu til Símans nú þegar og án útboðs 2x15 MHz til 30. mars 2022, í samræmi við úthlutun á heimild til Nova á 900 MHz bandinu.“

5.

Fundur með Símanum hf.

Að ósk Símans hf. hélt Póst- og fjarskiptastofnun fund með fyrirtækinu þann 11. nóvember 2009 til að fara yfir forsendur fyrirhugaðrar ákvörðunar sinnar og til þess að hlýða á sjónarmið Símans hf. þar að lútandi.

Af hálfu Símans hf. var m.a. lögð rík áhersla á það að horfa þyrfti heildstætt á tíðniheimildir félagsins. Ríkja þyrfti fyrirsjáanleiki um gildistíma tíðniréttinda þannig að fyrirtækið gæti með góðum fyrirvara aðlagð sig að breytingum á þeim. Var í því sambandi nefnt að þriggja ára fyrirsjáanleiki væri lágmark hvað þetta varðar. Með vísan til þessa ítrekaði fyrirtækið ósk sína um að fá úthlutun án útboðs á 2x15 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu til ársins 2022.

Gat Póst- og fjarskiptastofnun fyrir sitt leyti tekið undir sjónarmið Símans hf. um að fyrirsjáanleiki um breytingar á úthlutuðu tíðnisviði væri mikilvægur. Stofnunin myndi keppa að því í framtíðinni að gefa eins mikinn aðlögunartíma varðandi breytingar á tíðniréttindum eins hægt væri. Hins vegar hafnaði stofnunin því að horfa heildstætt á tíðniheimildir Símans hf. á 900 MHz tíðnisviðu og verða við ósk fyrirtækisins um umbeðna úthlutun upp á 2x15 MHz til ársins 2022. Gerði stofnunin grein fyrir því að það væri sjálfstætt markmið að ákveða ótímabundinni tíðniheimild fyrirtækisins tiltekinn gildistíma þannig að tíðnirnar yrðu lausar til ráðstöfunar í febrúar 2011. Enn fremur væri áformað að efna til samráðs við markaðsaðila um hvernig þá yrði staðið að nýjum úthlutunum á tíðnisviðinu.

Frekari athugasemdir Símans við fyrirhugaða uppsögn heimildarinnar

Í kjölfar framangreinds fundar bárust Póst- og fjarskiptastofnun frekari athugasemdir Símans hf. með bréfi dags. 28. desember 2009. Í bréfinu rekur Síminn hf. forsögu málsins eins og hún horfir við félaginu. Telur félagið að með ákvörðun stofnunarinnar frá 27. mars 2008, um að heimilt væri að nýta 900 MHz tíðnisviðið fyrir UMTS farsímaþjónustu, hafi skapast þörf fyrir félagið að halda öllum tíðniréttindum sínum á tíðnisviðinu og að það sé í raun forsendan fyrir áframhaldandi uppbyggingu á farsímaneti fyrir þriðju kynslóð farsíma.

Þá eru í bréfi Símans hf. taldir upp þeir annmarkar sem félagið telur að fyrirhuguð ákvörðun stofnunarinnar sé haldin, sbr. nánar eftirfarandi umfjöllun.

Brot gegn jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga

Vísar Síminn hf. til 1. mgr. 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 sem mælir fyrir um að stjórnvald skuli gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti við úrlausn mála. Telur Síminn hf. að fyrirhuguð ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar brjóti gegn ákvæðinu, sbr. m.a. eftirfarandi:

„Nova fékk heimild PFS til að nýta 2x5 MHz af 900 MHz tíðnisviðinu fyrir 3G UMTS farsímaþjónustu. Ávallt hefur legið fyrir og verið ljóst PFS að 3G þjónusta Símans með UMTS staðli yfir 900 MHz tíðnisviðið væri ætluð á 2x5 MHz af þeirri tíðniúthlutun sem Síminn hefur á 900 MHz tíðnisviðinu til viðbótar við þau MHz sem notuð eru fyrir 2G GSM þjónustu.

Úthlutun á 2x5 MHz tíðnum á 900 MHz tíðnisviðinu til Nova er því sambærileg við heimild Símans til að nota úthlutaðar tíðnir á 900 MHz tíðnisviðinu fyrir 3G UMTS þar sem legið hefur fyrir að Síminn myndi nota 2x5 MHz af úthlutaðum tíðnum fyrir þá þjónustu en ekki þær 2x10 MHz tíðnir sem notaðar eru fyrir 2G GSM þjónustu.

Fái Nova úthlutað 2x5 MHz tíðnum á 900 bandinu fyrir 3G UMTS en Símanum er hafnað um slíka úthlutun á sama tíma fá sambærileg mál ekki sambærilega úrlausn. Með því er brotið gegn jafnræðisreglu stjórnarsýslulaga.“

Brot gegn meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga

Vísað er til 12. gr. stjórnarsýslulaga sem mælir fyrir um að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði sem að er stefnt verði ekki náð með öðru og vægara móti. Skuli þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Telur Síminn hf. að með fyrirhugaðri ákvörðun sé brotið gegn ákvæðinu, sbr. eftirfarandi röksemdir:

„Fyrirhuguð ákvörðun PFS er íþyngjandi fyrir Símann þar sem tíðnir sem félagið hefur haft til ráðstöfunar munu verða teknar af félaginu. Það sem

Íþyngir Símanum enn meira er ójöfn aðstaða Símans gagnvart Nova eins og lýst er hér að framan. Mun Nova, fyrir tilstuðlan PFS, hafa samkeppnisforskot á Símann ef félagið getur byggt upp 3G þjónustu á 900 MHz tíðnisviðinu en ekki Síminn.

Þar sem skilyrðið um íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun er uppfyllt er PFS skylt að fara ekki strangara í sakirnar en nauðsyn ber til.

Síminn er eina farsímafyritækið sem hefur notað 900 MHz tíðnisviðið fyrir 3G þjónustu. Ekki er um það að ræða að þær tíðnir sem lausar eru til ráðstöfunar séu eftirsóttar af öðrum en Símanum. Ekki liggur fyrir að aðrir en Síminn hyggi á frekari notkun 900 MHz tíðnisviðsins. Gangi fyrirætlanir PFS um uppsögn tíðniheimilda Símans eftir verður því farið strangara í sakirnar en nauðsynlegt er. Ekki er nauðsynlegt að segja upp tíðniheimild Símans til að ná markmiði um jafna aðstöðu farsímafyritækja. Ber PFS því að láta af áformum sínum af þessari ástæðu og úthluta Símanum 2x15 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu til sama tíma og Nova.“

Brot gegn rannsóknarreglu stjórnsýslulaga

Vísað er til þess að skortur á nægjanlegri rannsókn máls kann að leiða til ógildingar stjórnvaldsákvörðunar á grundvelli 10. gr. stjórnsýslulaga. Um þetta segir í bréfi Símans hf.:

„Í samhengi við það sem hefur verið sagt hér að framan telur Síminn að það sé órannsakað hvort þörf sé fyrir uppsögn umræddra tíðniheimilda þar sem ekki liggur fyrir að önnur farsímafyritæki hyggi á uppbyggingu á 900 MHz tíðnisviðinu umfram það sem þegar hefur verið gert. Síminn krefst þess að áður en tíðniheimildinni verði sagt upp verði rannsakað sérstaklega hvort önnur farsímafyritæki ætli að byggja upp farsímanet á 900 MHz tíðnisviðinu.“

Skilvirk notkun tíðna

Síminn hf. vísar til viðeigandi ákvæða fjarskiptalaga varðandi skilyrði um skilvirka notkun tíðna og hlutverks Póst- og fjarskiptastofnunar við að stuðla að hagnýtri notkun tíðna, svo og þess við að hvetja til skilvirkar fjárfestinga í innviðum fjarskipta og stuðla að nýbreytni. Þetta er nánar rakið í bréfi Símans hf.:

„Síminn hefur ráðist í verulegar fjárfestingar í uppbyggingu 3G UMTS farsímakerfis á 900 MHz tíðnisviðinu. Vegna þeirrar langdrægni sem mögulegt er að ná hefur sú uppbygging sérstaklega verið miðið að strjálbýli, óbyggðum og út á sjó. 3G UMTS 900 kerfið er arftaki NMT farsímakerfisins og hefur því verulega þýðingu fyrir öryggi sjófaranda og ferðamanna á fáfarnari stöðum.

Síminn er því eina fjarskiptafélagið sem hefur notað úthlutaðar tíðnir fyrir UMTS þjónustu á 900 MHz tíðnisviðinu með skilvirkum hætti. Í því ljósi er

sérstakt að PFS hyggist nú segja upp hluta af tíðniheimild Símans. Með því verður sú uppbygging sem Síminn hefur ráðist í og lýst hér að framan sett í uppnám. Jafnframt mun Síminn verða fyrir verulegum fjárhagslegum skaða eins og lýst er hér að neðan.

Telur Síminn því að áform PFS að þessu leiti vinni gegn markmiðum sem stofnunin ber að hafa í heiðri og mun skaða framþróun og fjárfestingu í uppbyggingu fjarskiptaneta á Íslandi.“

Fjarskiptaöryggi

Vísað er til sjónarmiða og markmiðs fjarskiptalaga um öryggi fjarskipta. Um þetta segir í bréfi Símans hf.:

„Verði áform PFS að veruleika er viðbúið að verulega getur dregið úr fjarskiptaöryggi. Sérstaklega á það við um fjarskipti sjófarenda og þeirra sem fara um fáfarnari staði eins og hálendi Íslands.

Það verður að teljast mjög varhugavert að grípa til aðgerða sem geta mögulega skert með einhverju móti fjarskiptaöryggi hér á landi.

Verði áform PFS að veruleika vinnur stofnunin því gegn markmiðum fjarskiptalaga um örugg fjarskipti hér á landi. Slík ákvörðun getur því vart talist skynsamleg.“

Fjárhagslegt tjón

Telur Síminn hf. að verði fyrirhuguð ákvörðun að veruleika muni hún hafa í för með sér verulegt fjárhagslegt tjón fyrir fyrirtækið, sbr. eftirfarandi:

„...Tjónið er fyrst og fremst að rekja til þess að Síminn mun þá þurfa að taka niður verulegan hluta af þeirri uppbyggingu sem ráðist hefur verið í yfir 900 MHz tíðnisviðið með GSM/UMTS tækni og í staðinn að byggja upp yfir 1800/2100 MHz tíðnisviðið verði það talið fýsilegt. Drægni 1800/2100 MHz tíðnisviðsins er skemmri en 900 MHz tíðnisviðsins og því hætt við að ekki verði hægt að ná sömu útbreiðslu með þeirri uppbyggingu og náð verður á 900 bandinu. Niðurstaða frumkönnunar á þeim viðbótarkostnaði sem Síminn þyrfti að ráðast í til að áþekkri útbreiðslu og ef ekki hefði komið til tíðniskerðingar PFS er um [...]² króna.“

Umsókn um úthlutun á 2x15 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu

Bréf með athugasemdum Símans hf. hefur jafnframt að geyma umsókn um tíðniúthlutun á 900 MHz tíðnisviðinu, sbr. eftirfarandi:

² Fellt brott vegna trúnaðar.

„Síminn sækir hér með um að fá úthlutað 2x15 MHz tíðnum á 900 MHz tíðnisviðinu fyrir 2G GSM og 3G UMTS þjónustu. Þess er óskað að tíðniúthlutunin gildi til 30. mars 2022. Nánar tiltekið er um að ræða: 900-915 / 945-960 MHz (2x15 MHz), rásir 51-124.“

Krafa um að skorið verði úr um hvort Síminn hf. haldi óskertum tíðniheimildum áður en afstaða er tekin til umsóknar félagsins um úthlutun á 2x15 MHz.

Þá er í bréfi Símans hf. að finna eftirfarandi kröfu:

„Með vísan til þess sem að framan er rakið krefst Síminn þess að PFS láti af áformum sínum um að segja upp hluta af þeim tíðnum sem Síminn hefur til afnota á 900 MHz tíðnisviðinu þar til skorið verður úr um hvort fallist verði á umsókn félagsins um úthlutun 2x15 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu [...].“

IV.

Forsendur og niðurstaða

1.

Almennt um lagaumhverfi

Póst- og fjarskiptastofnun hefur það hlutverk, sbr. c.- lið 2. töluliðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, að ýta undir hagnýta notkun tíðna og númera og viðhafa skilvirka stjórn á notkun þessara gæða. Ljóst má vera að ákvarðanir stofnunarinnar um hagnýtingu tíðnirófsins geta haft áhrif á þróun fjarskiptamarkaðarins, en samkvæmt 3. tölulið áður nefnds ákvæðis hvíla á stofnuninni ákveðnar frumkvæðisskyldur í þeim efnunum, m.a. að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, sbr. a.-lið, og hvetja til uppsetningar á þeim, sbr. b.-lið. Þá ber stofnuninni ávallt að hafa að leiðarljósi í störfum sínum að virk samkeppni ríki á fjarskiptamarkaði, sbr. 2. tölulið fyrrnefnds ákvæðis svo og 2. mgr. 1. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Nánar er fjallað um hlutverk og skyldur Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi skipulag og hagnýtingu tíðnirófsins í 14. gr. fjarskiptalaga, en ákvæðið er svo hljóðandi:

„Póst- og fjarskiptastofnun skal í samræmi við alþjóðlegar samþykktir þar að lútandi stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins og að skaðlegar truflanir á viðtöku þráðlausra merkja verði sem minnstar. Stofnunin skal skipuleggja notkun mismunandi hluta tíðnirófsins, skrá skipulagið, semja tíðniplan í samræmi við skipulagið og veita upplýsingar um tíðniplanið eftir þörfum.“

Til þess að geta rækt hlutverk sitt samkvæmt framangreindu þarf Póst- og fjarskiptastofnun að hafa svigrúm til að breyta skilyrðum tíðniréttinda og, eftir atvikum, afturkalla þau ef nauðsyn krefur. Í 12. gr. fjarskiptalaga er að finna almenna heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að gera breytingar á réttindum sem hún hefur úthlutað.

Þau tíðniréttindi sem mál þetta lýtur að eru útgefin fyrir gildistöku núgildandi laga um fjarskipti nr. 81/2003. Umrædd réttindi eru frábrugðin flestum öðrum tíðniréttindum sem nú eru í gildi, þar sem þau eru ótímabundin, en uppsegjanleg með sex mánaða fyrirvara samkvæmt sérstökum skilmála þar að lútandi. Ákvörðun um að segja tíðniheimildinni upp byggir því ekki með beinum hætti á 12. gr. fjarskiptalaga, heldur á ótvíræðu uppsagnarákvæði heimildarinnar sjálfar og almennum valdheimildum og hlutverki Póst- og fjarskiptastofnunar við að skipuleggja tíðnirófið og ráðstafa tíðnum innan lögsögu íslenska ríkisins.

2.

Afmörkun úrlausnarefnis og afstaða til kröfu Símans hf.

Ákvörðun þessi lýtur að því að Póst- og fjarskiptastofnun er, í samræmi við lögboðið hlutverk sitt og skyldur, að hrinda í framkvæmd boðuðu skipulagi á 900 MHz tíðnisviðinu sem gilda skal fram í febrúar 2011. Kynning á umræddu skipulagi og einstökum aðgerðum, sem ráðast þarf í vegna þess, hefur átt sér langan aðdraganda þar sem stofnunin hefur í hvívetna gætt skyldu sinnar um að viðhafa samráð við markaðsaðila varðandi ákvarðanir sem hafa veruleg áhrif á fjarskiptamarkað, sbr. 6. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en vísað er til kafla II. hér að framan þessu til stuðnings.

Einn liður í því að boðað skipulag á 900 MHz tíðnisviðinu nái fram að ganga er uppsögn á ótímabundinni tíðniheimild Símans hr., dags 16. ágúst 1995. Hefur Póst- og fjarskiptastofnun gert grein fyrir forsendum sínum fyrir uppsögninni, annars vegar að með henni sé áformað að jafna úthlutuðu tíðnisviði meðal starfandi farsímafyrirtækja á tíðnisviðinu og hins vegar að verið sé að ákvarða ótímabundnum tíðniréttindum tiltekinn gildistíma, sbr. d.-lið 1. mgr. 10. gr. fjarskiptalaga. Markmiðið er að umrædd tíðniréttindi verði laus til ráðstöfunar og endurúthlutunar þann 14. febrúar 2011.

Þessi tiltekna aðgerð verður ekki tengd álitamálum um hvernig staðið verður að því að endurúthluta tíðniréttindum á 900 MHz tíðnisviðinu, en flest þeirra renna út í febrúar 2011, þ.m.t. stór hluti af tíðniréttindum Símans hf. eða samtals 2x12 MHz. Þegar liggur sú stefnumörkun fyrir að Síminn hf. haldi 2x10 MHz af tíðnisviðinu, en ætlunin er að jafn stórt tíðnisvið verði laust til úthlutunar samkvæmt frekari stefnumörkun þar um. Hefur Póst- og fjarskiptastofnun boðað, m.a. á fundum með Símanum hf. um tíðnimál fyrirtækisins, að stefnt sé að opnu samráði við markaðsaðila varðandi fyrirætlanir stofnunarinnar í þeim efnum. Tekið skal fram að á þessu stigi er ekki útilokað að Símanum hf. gefist kostur á því að sækja um úthlutun úr því tíðnisviði. Þá telur Póst- og fjarskiptastofnun mikilvægt, áður en stofnunin tekur ákvarðanir hvað þetta varðar, að fyrir liggji skýr stjórnáslufyrirmæli og almenn viðmið um hvernig standa skuli að framlengingu á gildistíma eða endurúthlutun tíðniréttinda, en unnið er að smíði reglugerðar innan samgönguráðuneytisins, sem m.a. mun taka á þessum þáttum. Að öllu óbreyttu er áformað að hún verði gefin út í vor.

Ákvörðun þessi varðar ótímabundna tíðniheimild Símans hf. á 900 MHz tíðnisviðinu samtals upp á 2x3 MHz. Ekki er fjallað um önnur tíðniréttindi sem Síminn hf. hefur til

afnota á 900 MHz tíðnisviðinu eða um líftíma þeirra umfram núverandi gildistíma sem er til 14. febrúar 2011. Verður því umsókn Símans hf. um endurnýjaða úthlutun upp á 2x15 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu með gildistíma til 30 mars 2022 ekki tekin til umfjöllunar í ákvörðun þessari. Er þá horft til þess að úthlutanir á tíðnum, sem háðar eru takmörkunum um framboð, lúta sérstakri málsmeðferð samkvæmt fjarskiptalögum, sbr. einkum ákvæði 9. og 11. gr. laganna. Slíkar úthlutanir fara eftir opnu og gagnsæju ferli sem með engu móti er hægt að viðhafa í tengslum við úrlausn á ákveðnu ágreiningsmáli við Símann hf. um tiltekinn tíðniréttindi félagsins. Þessu til viðbótar lítur Póst- og fjarskiptastofnun svo á að umsækjandi um tíðniréttindi geti ekki bundið umsókn sína skilyrðum um að stofnunin láti af einhverjum aðgerðum sem hún hefur boðað. Hvort slíkur annmarki valdi ógildi umsóknarinnar í heild sinni verður fjallað um þegar Póst- og fjarskiptastofnun tekur afstöðu til hennar í aðskildu máli.

Með vísan til framangreinds er kröfu Símans hf., um að skorið verði úr um hvort Síminn hf. haldi óskertum tíðniheimildum áður en afstaða er tekin til umsóknar félagsins um úthlutun á 2x15 MHz, hafnað.

3.

Afstaða til einstakra sjónarmiða Símans hf.

Afstaða Póst- og fjarskiptastofnunar til sjónarmiða Símans hf. mun einskorðast við framangreinda afmörkun á úrlausnarefni málsins. Með tilliti til þessa verður tekin afstaða til sjónarmiða Símans hf. lið fyrir lið eftir því sem við á.

3.1. Meint brot gegn jafnræðisreglu stjórnsýslulaga

Síminn hf. telur að þar sem Nova ehf. hafi verið úthlutað 2x5 MHz af 900 MHz tíðnisviðu án útboðs sé brotið gegn jafnræðisreglu stjórnsýslulaga komi til skerðingar á tíðniréttindum félagsins. Póst- og fjarskiptastofnun hafi átt að vera það ljóst að Síminn hf. myndi koma til með að veita 3G UMTS þjónustu á 2x5 MHz til viðbótar við þau 2x10 MHz sem það nýtir fyrir 2G GSM þjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ekki fallist á þennan skilning. Með úthlutun til Nova ehf. á 900 MHz var verið að rétta samkeppnisstöðu þess fyrirtækis til að veita 3G UMTS þjónustu til jafns við Símann hf. og Vodafone. Hafði fyrirtækið engan aðgang að 900 MHz tíðnisviðinu sem talið er skipta sköpum við að ná hagkvæmri útbreiðslu á 3G UMTS þjónustu á landsbyggðinni. Síminn hf. er á hinn bóginn stærsti tíðnirétthafi á 900 MHz tíðnisviðinu og á að hafa fulla burði til þess að veita hvort tveggja GSM og UMTS þjónustu á 2x10 MHz verði það niðurstaðan. Er þá horft til þess að fyrirtækinu hefur gefist þó nokkur tími til þess aðlaga sig að umbreytingunni, en það var með bréfi dags. 13. júní 2007 sem fyrirtækinu var gerð grein fyrir því að það gæti ekki endilega vænst þess að halda ótímabundnu tíðniheimildinni þegar kæmi að því að hagnýta tíðsviðið fyrir 3G UMTS þjónustu. Auk þess hefur fyrirtækinu tímabundið eða fram í febrúar 2011 verið gefinn kostur á því að hagnýta í heild sinni 2x15 MHz af tíðnisviðinu til þess að greiða fyrir yfirfærslu (e. migration) úr 2G GSM yfir í 3G UMTS. Stefnumörkun Póst- og fjarskiptastofnunar hefur verið skýr og vel kynnt hvað þetta varðar. Grípi Síminn hf. ekki

til viðeigandi ráðstafana vegna hennar, heldur haldi óbreyttu sínu striki á eigin forsendum verður fyrirtækið sjálft að bera hugsanlegan skaða af því.

3.2. Meint brot gegn meðalhófsreglu stjórnisýslulaga

Síminn hf. vísar til markmiðs Póst- og fjarskiptastofnunar um að jafna tíðnisvið farsímafyrirtækja á 900 MHz tíðnisviðinu. Telur fyrirtækið að fyrirhuguð ákvörðun sé íþyngjandi gagnvart fyrirtækinu og vísar aftur til þess að Nova ehf. hafi fengið úthlutun á 900 MHz tíðnisviðinu og geti þannig byggt upp 3G UMTS þjónustu, en Síminn hf. ekki. Ekki liggi fyrir að aðrir aðilar hyggi á frekari notkun á 900 MHz tíðnisviðinu. Ekki sé nauðsynlegt að segja upp tíðniheimild Símans hf. til að ná markmiði um jafna aðstöðu farsímafyrirtækja. Af þessum sökum sé farið strangara í sakirnar en nauðsyn ber til.

Póst- og fjarskiptastofnun getur ekki fallist á sjónarmið Símans hf. hvað þetta varðar. Að áliti stofnunarinnar verður aðstaða farsímafyrirtækja ekki jöfnuð með réttumætum hætti verði Símanum og Vodafone úthlutað hvort um sig 2x15 MHz af tíðnisviðinu, en að Nova haldi eftir 2x5 MHz, eins og tillaga Símans hf. gengur út á. Með því væru yfirburðir Símans og Vodafone festir í sessi og innkoma nýrra aðila auk þess útilokuð.

Þá er í athugasemdum Símans hf. undir þessum lið ekki vikið að markmiði stofnunarinnar um að ákveða ótímabundnu tíðniheimildinni ákveðinn gildistíma. Í bréfi sínu til Símans hf., dags. 8. október 2009, upplýsti stofnunin að það væri markmið út af fyrir sig, sbr. eftirfarandi:

„Þá telur Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt, alveg óháð þeim markmiðum og sjónarmiðum sem rakin eru hér að ofan, að ákveða úthlutuninni tiltekinn gildistíma. Er þá horft til þess að samkvæmt núgildandi fjarskiptalögum ber að marka tíðniheimildum ákveðinn gildistíma, sbr. d.-lið 1. mgr. 10. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.“

Samkvæmt gildandi fjarskiptalögum ber að marka tíðniréttindum ákveðinn gildistíma. Uppsögn á ótímabundnu tíðniheimild Símans hf. felur í sér aðlögun hennar að öðrum tíðniheimildum sem stofnunin hefur gefið út til að veita farsímaþjónustu. Með henni verða tíðnirnar auk þess lausar til ráðstöfunar um leið og önnur tíðniréttindi Símans hf. renna út á viðkomandi tíðnisviði, en það er nauðsynlegt til þess að skipulag stofnunarinnar á 900 MHz tíðnisviðinu nái fram að ganga. Það liggur í hlutarins eðli að þessu markmiði verður ekki náð með öðru og vægara móti heldur en með uppsögn tíðniheimildarinnar.

Þá telur Póst- og fjarskiptastofnun að mikils hófs sé gætt með því að gefa Símanum hf. tvöfalt lengri uppsagnarfrest, heldur en áskilið er í skilmála tíðniheimildarinnar. Sé tekið mið af þeim tíma þegar sú fyrirætlun var fyrst kynnt fyrirtækinu, þ.e. með niðurstöðu samráðsins sumarið 2008, er um ræða margfaldan uppsagnarfrest.

3.3. Meint brot á rannsóknarreglu stjórnsýslulaga

Telur Síminn hf. að það sé órannsakað hvort þörf sé fyrir uppsögn tíðniheimildarinnar þar sem ekki liggi fyrir að önnur farsímafyrirtæki hyggi á uppbyggingu á 900 MHz tíðnisviðinu umfram það sem þegar hefur verið gert. Skortur á nægjanlegri rannsókn máls kann að leiða til ógildingar á stjórnvaldsákvörðun.

Póst- og fjarskiptastofnun vísar til markmiðs um að ákveða ótímabundnu tíðniheimild Símans hf. ákveðinn gildistíma. Er það alveg óháð því hvort einhver eftirspurn er eftir því tíðnisviði sem hér um ræðir eða ekki. Með aðgerðinni verða tíðnirnar lausar til ráðstöfunar í febrúar 2011. Ekki liggur fyrir, að svo stöddu, hvort tíðnunum verði þá ráðstafað til annars aðila, enda mun niðurstaða um það ráðast í opnu og gagnsæju ferli sem Símanum hf. og öðrum hagsmunaaðilum gefst kostur á að taka þátt í. Með vísan til þessa eru þær forsendur sem Síminn hf. gefur sér vísað á bug og því hafnað að aðgerðir Póst- og fjarskiptastofnunar feli í sér brot á rannsóknarreglu stjórnsýslulaga.

3.4. Skilvirk notkun tíðna

Síminn hf. vísar til þess að fyrirhuguð ákvörðun gangi gegn markmiðum fjarskiptalaga um skilvirka notkun tíðna. Síminn sé eina fyrirtækið sem hefur notað úthlutaðar tíðnir fyrir UMTS þjónustu á 900 MHz tíðnisviðinu með skilvirkum hætti. Í því ljósi sé það sérstakt að stofnunin hyggist segja upp hluta af tíðniheimildum Símans hf.

Póst- og fjarskiptastofnun gerir ekki athugasemdir við málflutning Símans hf. að því er varðar markmið fjarskiptalaga um skilvirka notkun tíðna og um hlutverk stofnunarinnar í því sambandi. Hins vegar vísar Póst- og fjarskiptastofnun aftur til markmiðs síns um að ákveða ótímabundnu tíðniheimild Símans hf. ákveðinn gildistíma. Er það alveg óháð því hvort einhver eftirspurn er eftir því tíðnisviði sem hér um ræðir eða ekki. Því er ekki fallist á það með Símanum hf. að markmið um skilvirka notkun tíðna hafi nokkuð að gera með ákvörðun um marka áður nefndum tíðniréttindunum ákveðinn gildistíma og skapa forsendur fyrir endurúthlutun tíðnanna í febrúar árið 2011.

3.5. Fjarskiptaöryggi

Að áliti Símans hf. gengur fyrirhuguð ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar gegn markmiðum fjarskiptalaga um fjarskiptaöryggi.

Póst- og fjarskiptastofnun leggur mikið upp úr góðu aðgengi að fjarskiptaþjónustu um landið allt og miðin. Hins vegar er ljóst að Síminn hf. getur með breytingum á högun farsímanetsins viðhaldið sömu útbreiðslu þjónustunnar komi til skerðingar á tíðniheimildum félagsins þegar tekin verður ákvörðun um skipulag tíðnisviðsins sem gilda skal frá febrúar 2011. Því er þannig hafnað að fyrirhuguð ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um að segja upp ótímabundinni tíðniheimild fyrirtækisins feli í sér ógn við fjarskiptaöryggi sem brjóti gegn markmiði 2. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga.

3.6. Fjárhagslegt tjón Símans hf.

Er því haldið fram af hálfu Símans hf. að fyrirtækið verði fyrir verulegu óafturkræfu fjártjóni verði áform stofnunarinnar að veruleika. Helgist það af þeirri breytingu á kerfishögun sem fyrirtækið þurfi þá að ráðast í.

Komi til skerðingar á tíðniheimildum Símans hf. þegar tíðnir á 900 MHz tíðnisviðinu verða úthlutaðar að ný í febrúar 2011, að undangengnu opnu samráðsferli um hvernig staðið verður að því, getur Póst- og fjarskiptastofnun fallist á að komið getur til kostnaðar hjá Símanum hf. við að gera nauðsynlegar kerfisbreytingar. Slíkan kostnað verður fyrirtækið sjálft að bera.

Ákvörðun um að marka ótímabundinni tíðniheimild Símans hf. tiltekinn gildistíma, þannig að tíðnirnar verði lausar til ráðstöfunar í febrúar 2011, stendur hins vegar ekki í neinum tengslum við hugsanlega skerðingu á því tíðnisviði sem Síminn hf. mun hafa til ráðstöfunar í framtíðinni. Þannig er ekki fyrir að fara orsakasamandi milli þeirrar aðgerðar sem ákvörðun þessi lýtur að og þess tjóns sem Síminn hf. telur sig geta orðið fyrir.

Þá er áætlaður kostnaður sem gefinn er upp af hálfu Símans hf. ekki studdur neinum rökum eða gögnum. Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í drögum að kostnaðargreiningu á farsímaneti Símans hf. gerir stofnunin fyrirvara við þessa kostnaðaráætlun.

4.

Samandregin niðurstaða

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að fjalla um umsókn Símans hf. um 2x15 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu til 30. mars 2022 í aðskildu máli. Í samræmi við útgefið skipulag á 900 MHz tíðnisviðinu, að teknu tilliti til markmiða um að jafna stöðu markaðsaðila varðandi stærð tíðniúthlutana og að ákvarða ótímabundinni tíðniheimild Símans hf. ákveðinn gildistíma, sbr. d.-lið 1. mgr. 10. gr. fjarskiptalaga, er ótímabundnu tíðniheimild Símans hf. fyrir 2x3 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu, dags. 16. ágúst árið 1995, hér með sagt upp í samræmi við skilmála í tíðniheimildinni þar að lútandi. Skal tíðnisviðið vera laust til endurúthlutunar þann 14. febrúar 2011, en Símanum hf. er heimilt að nýta tíðnisviðið fram til þess tíma.

Ákvörðunarorð

Fjallað verður um umsókn Símans hf. um að fá úthlutað 2x15 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu til 30 mars 2022 í sérstöku máli.

Ótímabundnu tíðniheimild Símans hf. fyrir 2x3 MHz á 900 MHz tíðnisviðinu, dags. 16. ágúst 1995, er sagt upp. Skal tíðnisviðið vera laust til endurúthlutunar þann 14. febrúar 2011.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast

úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Reykjavík, 12. febrúar 2010

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson